**Umhverfisstofnun**
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Skeljungur hf
Aðalsteinn Árnason / Bergsteinn Hjörleifsson
Borgartúni 26
105 Reykjavík

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 19. september 2012
Tilvísun: UST20120100142/gf

**Varðar mengunarvarnaþró um geyma félagsins á Eskifirði**

Umhverfisstofnun hefur borist tölvupóstur með mati verkfræðistofunnar Mannvits á möguleikum á viðgerðum á mengunarvarnaþró í olíubirgðastöð Skeljungs hf. á Eskifirði. Stofnunin samþykkir að bráðabirgðaviðgerð fari fram á þrónni og skal henni lokið í október 2012. Upplýsa skal Umhverfisstofnun um verklok.
Varðandi fullnaðarviðgerð á þrónni sbr. minnisblað Mannvits, þá skal senda stofnuninni verkáætlun fyrir 15. desember nk., um hvernig viðgerðinni verður hagað, ásamt endurútreikningum á rýmd þróarinnar ef þróarbotn verður hækkaður um 25 - 30 cm. Samþykkt er að verklok verði í október 2013, en senda skal stöðuskýrslur um framgang verksins á þriggja mánaða fresti.

Sjá meðfylgjandi minnisblað Verkfræðistofunnar Mannvits og tölvupóstssamskipti undanfarinna daga.

Virðingarfyllst

Gottskálk Friðgeirsson

Kristján Geirsson
deildarstjóri

Afrit:
Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis

MANNVIT

# Minnisblað

Tilv.: 1.761.212

06.09.2012

Skeljungur
Rekstrarsvið
Aðalsteinn Árnason

Efni: Eskifjörður, olíuþró.

Áður var sent minnisblað frá Mannvit hf, október 2011, þar sem hæð þróar var skoðuð gagnvart sjávarföllum og lauslega skoðaðir nokkrir kostir til úrlausnar.

Ljóst er að hæðin á þróarbotni, sem er 0,7 m undir meðal stórstreymisflóði, skapar vandamál og eru þá tvö atriði helst.

Nr 1 : Sjór lekur inn um sprungur sem eru til staðar.

Nr 2 : Töluverður vatnsþrýstingur er á undirhlið plötunnar sem skapar hættu á uppfloti við ákveðnar aðstæður. Inn í það spilar hversu mikið er í olíutönkum. Mótstaðan gegn uppfloti er meiri við þróarveggi og undir tönkunum. Því verður áraunin mest á plötuna á milli tanka og veggja. Ef platan er ekki nógu sterk til að þola álagið þá springur hún.

Til bráðabirgða væri hægt að leysa atriði nr 1. með því hreinsa upp sprungur. Ef olíusmit er á sprungum þarf að þrífa það af til að tryggja bindingu. Áætlaður verktími er um tvær vikur fyrir tvo múrara.

**Múrþéttiefni**, þar sem sprungur eru stórar. Tillaga tegundir, til dæmis Waterplug (BM Vallá) eða sambærilegt efni.

**Olíukitti** til að setja í sprungur. Til eru ýmsir framleiðendur sem selja þéttiefni sem sérstaklega er ætlað til að þétta vatnsleka í byggingum.

Það má segja að með því að leysa einvörðungu atriði nr. 1 þá eykst aðeins hættan á atriði númer 2. Því þarf í raun að þyngja botninn með t.d steypulagi til að vinna á móti uppflotskrafti. Yfirborðskóti steypu mætti ekki vera lægri en k=1,5m (sjávarkerfi) sem þýðir að steypa 25-30 cm steypulag á lægsta svæðið. Þetta þyrfti að gera innan ákveðins tíma frá bráðabirgðaviðgerð á sprungum.

Virðingarfyllst
Valgeir Kjartansson.
Verkfræðingur

RE: {Disarmed} Re: Re: SV: Skeljungur Eskifirði - frávik úr eftirliti síðasta árs
Bergsteinn Hjörleifsson
to:
Gottskálk Friðgeirsson, Aðalsteinn Árnason
19.09.2012 08:55
Cc:
Eva Dögg Kristjánsdóttir, Kristján Geirsson
Hide Details
From: Bergsteinn Hjörleifsson <bh@skeljungur.is>
To: Gottskálk Friðgeirsson <gottskalk@umhverfisstofnun.is>, Aðalsteinn Árnason <ada@skeljungur.is>,
Cc: Eva Dögg Kristjánsdóttir <eva.kristjansdottir@umhverfisstofnun.is>, Kristján Geirsson <kristjan@umhverfisstofnun.is>

1 Attachment

120906EskLekioliuthroVidg#2-jþg.pdf

Sæll Gottskálk
Skeljungur samþykkir þessa áætlun.
Varðandi lið nr 1 þá munum við vinna þetta eins og meðfylgjandi minnisskjal frá Mannviti segir og Aðalsteinn mun upplýsa þig um framgöngu þess verks.
Varðandi lið nr 2 þá munum við gefa ykkur skýrslu á 3 mán fresti.

**From:** Gottskálk Friðgeirsson [mailto:gottskalk@Umhverfisstofnun.is]
**Sent:** 17. september 2012 13:54
**To:** Aðalsteinn Árnason; Bergsteinn Hjörleifsson
**Cc:** Eva Dögg Kristjánsdóttir; Kristján Geirsson
**Subject:** {Disarmed} Re: Re: SV: Skeljungur Eskifirði - frávik úr eftirliti síðasta árs

Sæll Aðalsteinn

Hef móttekið upplýsingar um botn þróarinnar á Eskifirði (sjá að neðan).

Umhverfisstofnun getur samþykkt bráðabirgðaviðgerð á þrónni með þeim skilyrðum:

1. Að Skeljungur sendi upplýsingar um hvernig bráðabrigðaviðgerð verði framkvæmd og hvenær henni verði lokið.

2. Að Skeljungur tilkynni Umhverfisstofnun um hvernig fullnaðarviðgerð á þrónni verði framkvæmd (verktilhögun) og upplýsi á tveggja mánaðarfresti á árinu 2013 um framgang verksins (jan, mar, maí, júl og sep).

Vinsamlega upplýsið mig um það hvort þessi áætlun sé samþykkt af Skeljungi hf.

Kveðja,

Gottskálk

Umhverfisstofnun

Frá: Eva Dögg Kristjánsdóttir/Umhverfisstofnun

Dags: 14.09.2012 09:10:05
Til: Aðalsteinn Árnason <ada@skeljungur.is>
cc: Gottskálk Friðgeirsson/Umhverfisstofnun@Umhverfisstofnun
Efni: Re: SV: Skeljungur Eskifirði - frávik úr eftirliti síðasta árs

Sæll Aðalsteinn,

Móttekið. Ég áframsendi þetta til Gottskálks og þú heyrir í okkur í næstu viku.

**Bestu kveðjur, Best regards**
Eva Dögg Kristjánsdóttir
Sérfræðingur, advisor
Svið laga og stjórnsýslu, Department for Legal and Administrative Affairs.

UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: Http://www.ust.is

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer

| | |
|---|---|
| From: | Aðalsteinn Árnason <ada@skeljungur.is> |
| To: | Eva Dögg Kristjánsdóttir <eva.kristjansdottir@umhverfisstofnun.is> |
| Cc: | Bergsteinn Hjörleifsson <bh@skeljungur.is> |
| Date: | 13.09.2012 19:17 |
| Subject: | SV: Skeljungur Eskifirði - frávik úr eftirliti síðasta árs |

---

Sæl Eva.

Skeljungur heur verið að vinna að framtíðarlausn á þessu vandmáli með vekrfræðistofunni Mannvit.
Þessi vinna hefur tekið lengri tíma en áætlað var. Það er nú orðið ljóst að ekki næst að klára þetta fyrir veturinn.

Mannvit hefur samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði dagsettu 06.09.2012 lagt til að ráðist verði í bráðabirgða viðgerð.
Ef Umhverisstofnun getur samþykkt þessa aðgerð sem bráðabyrgðalausn og um leið sæst á að Skeljungur fái tíma fram á næsta haust til að ljúka fullnaðarviðgerð þá munum við geta verið búnir að ljúka þessari viðgerð fyrir lok október 2012.

Kveðja,
Aðalsteinn

---

**Frá:** Eva Dögg Kristjánsdóttir [eva.kristjansdottir@umhverfisstofnun.is]
**Sent:** 29. ágúst 2012 08:17
**To:** Aðalsteinn Árnason
**Efni:** Skeljungur Eskifirði - frávik úr eftirliti síðasta árs

Sæll Aðalsteinn,

Eftirfarandi frávik kom fram við eftirlit með birgðastöð ykkar á Eskifirði á síðasta ári: "Krafa í starfsleyfi, grein 2.1, um að geymar séu í olíuheldri þró. Við eftirlit sáust sprungur og göt í botni neðri þróarinnar sem stafa af landsigi á uppfyllingunni þar sem stöðinni var fundinn staður. Hanna þarf lausn á þessu og ráðast í viðgerðir."

Umhverfisstofnun samþykkti áætlun ykkar um að úrbótum yrði lokið fyrir 15. ágúst 2012. Hefur þeim nú verið lokið?

**Bestu kveðjur, Best regards**
Eva Dögg Kristjánsdóttir
Sérfræðingur, advisor
Svið laga og stjórnsýslu, Department for Legal and Administrative Affairs.

Frá: Aðalsteinn Árnason <ada@skeljungur.is>
Dags: 12.12.2011 11:21:44
Til: "'gottskalk@Umhverfisstofnun.is' (gottskalk@Umhverfisstofnun.is)" <gottskalk@umhverfisstofnun.is>
Afrit: Bergsteinn Hjörleifsson <bh@skeljungur.is>
Efni: Emailing: Frávik við eftirlit birgðastöðva.docx

---

Sæll Gottskálk.

Hér koma viðbrögð við frávikunum sem komu fram við reglubundið eftirlit á þessu ári.
Ef þú þarft eitthvað meira frá mér vegna þessa þá láttu vita.

Kv,
aá
<html>
<body>
Með kveðju, Aðalsteinn Árnason Stöðvarstjóri birgðastöðva Rekstrarsvið Bein lína: +354 444 3161 GSM: +354 840 3161 Borgartún 26 105 Reykjavík Sími: 444 3000 Fax:: 444 3001 **MailScanner has detected a possible fraud attempt from "urlblockederror.aspx" claiming to be** www.skeljungur.is Ábyrgð þín varðandi tölvupóst http://www.skeljungur.is/disclaimer [https://postur.skeljungur.is/skeljungur.jpg]
</body>
</html>

Með kveðju,
**Aðalsteinn Árnason**
Stöðvarstjóri birgðastöðva
Rekstrarsvið

Bein lína: +354 444 3161
GSM: +354 840 3161

Borgartún 26
105 Reykjavík
Sími: 444 3000
Fax:: 444 3001
www.skeljungur.is

Ábyrgð þín varðandi tölvupóst
http://www.skeljungur.is/disclaimer